

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Sent með tölvupósti á skipulag@skipulag.is
Reykjavík, 19. maí 2022

Efni: Umsögn vegna matskýrslu Landsnets um Blöndulínu 3

Ein stærsta áskorun sem mannkynið frammi fyrir í dag eru án vafa loftslagsbreytingar og þær hamfarir sem þeim fylgja. Þetta erum við flest meðvituð um og sem betur fer má víða sjá aðgerðir í þágu loftslagsins í fyrirrúmi hjá fyrirtækjum í ríkiseigu. Það er rétt, líkt og fram kemur í umhverfismatskýrslu að við þurfum að vera undirbúin orkuskiptum á ýmsan hátt, en gleymum því ekki að við erum líklega meðal þeirra þjóða sem er hvað best í stakk búin til þess að takast á við þessar breytingar. Framleiðsla rafmagns á hvern íbúa landsins er meiri en þekkt í öllum öðrum löndum, en svo er það spurning hvernig rafmagninu er ráðstafað. Nú er það svo að 80% þess er notað í stóriðjuna og því þjóna framkvæmdir á stærð við Blöndulínu 3 henni hvað best.

Landvernd tekur undir mikilvægi þess að raforkuöryggi sé til staðar fyrir alla íbúa landsins. Blöndulínu 3 er meðal annars ætlað að veita íbúum á Norðurlandi bætt raforkuöryggi, bæta nýtingu orkuvera og draga úr flutningstöpum. Þetta eru jákvæðu hliðar þessara áforma sem full ástæða er til að fagna. Núverandi byggðarlína stendur ekki undir þeim kröfum sem gerðar eru til afhendingaöryggis og framboðs á raforku. Hins vegar er augljóst að hér er um að ræða fórnarkostnað náttúrunnar vegna stóriðju.

Stjórn Landverndar vill áréttta að mikill munur er á umhverfisáhrifum loftlínu eftir flutningsgetu þeirra, ekki síst hvað varðar sjónræn áhrif. Blöndulína 3 hefur það megin hlutverk að auka flutningsgetu sem fyrst og fremst þjónar stórnotendum. Línustæðið sem Landsnet telur heppilegast fer um óbyggð víðerni, viðkvæm heiðarlönd, dali, fjöll, mela og móa og ræktarlönd í fimm sveitarfélögum landsins. Blöndulína 3 mun hafa neikvæð áhrif á upplifun og ásýnd almennings á svæðinu, þar á meðal á íbúa og ferðamenn. Þetta er að mati stjórnar Landverndar herkostnaður vegna stóriðju á Íslandi. Samfélagslegur kostnaður vegna stóriðju fer því vaxandi í hvert sinn sem reistar eru línur sem hafa það megin hlutverk að þjóna þeim stóriðjuverum sem fyrir eru í landinu. Náttúra Íslands borgar reikninginn enn einu sinni.

Það er mikilvægt að öll gerir sér það ljóst í þeim deilum sem nú eru uppi um staðsetningu að deilan er afleiðing stóðiðjustefnu stjórnvalda undanfarna áratugi. Framangreind staðreynd

breytir því ekki að mikilvægt er að huga vel að staðsetningu, gerð og styrk þeirrar línu sem hér um ræðir. Framkvæmdin vekur upp ýmsar spurningar. Meðal annars hvort að ekki hafi verið mögulegt að ná fram markmiðum um raforkuöryggi með endurnýjun og styrkingu byggðarlínunnar? Þurfum við nauðsynlega að fara með hana lengra og raska náttúruverðmætum? Mikið er í húfi. Mat á umhverfisáhrifum verður því að svara þessu spurningum þannig að allir skilji.

Sameiginlegt umhverfismat hringtengingar nauðsynlegt

Landvernd ítrekar að við teljum ekki annað forsvaranlegt en að einstakir bútar í fyrirhugaðri styrkingu meginflutningskerfisins verði metnir sameiginlega, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, þ.m.t. Blöndulína 3, sem er greinilega hluti af styrkingu meginflutningskerfisins á Íslandi. Samtökin hafa áður beint þessu til Skipulagsstofnunar.

Hvaðan sprettur aukin raforkuþörf?

Það er ljóst að almenningur notar einungis brot þeirrar raforku sem framleidd er á Íslandi. Stóriðjan notar hins vegar um 80% hennar. Með aukinni flutningsgetu verður möguleiki á því að auka við stóriðjuna. Þegar línan hefur svo náð sinni hámarks flutningsgetu, mun skapast sami þrýstingur á að raflínurnar verði enn burðugri. Þetta er gömul saga og ný og lýsir hinni óendanlegu hringrás óseðjandi orkufrekrar stóriðju, á kostnað náttúrunnar.

Landsnet notast við raforkuspá orkuspárnefndar við útreikning á grunnforsendum við áætlun á flutningsþörf til framtíðar. Raforkuspá er endurnýjuð árlega, síðast árið 2021¹. Það er alvarlegur ágalli að vinna við orkuspá fer fram án aðkomu annarra aðila en orkugeirans með aðstoð Hagstofunnar. Landvernd hefur í síðustu þremur umsögnum sínum bent á fjölmarga galla við raforkuspá. Þeir eru þess eðlis að spáin getur ekki þjónað sem forsenda í kerfisáætlun Landsnets, bæði vegna þess að hún gildir mun lengur en kerfisáætlun og að í henni er gert ráð fyrir mikilli orkunotkun stóriðju, meira en raunhæft getur talist þegar orkuskipti eru hafin.

Á þessum forsendum veltum við því upp hvernig það myndi hafa áhrif á sviðmyndir umhverfismatsins ef ný raflína bæri með sér minni straum, í þágu almennings en ekki stóriðju? Væri þá hugsanlega hægt að leggja stærri hluta raflínunnar í jörðu? Stjórn Landverndar telur nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir þessu. Vegna almennrar raforkunotkunar um landið, það er; allrar annarrar notkunar en stóriðju, er ljóst að 132kV duga vel. Sjónræn áhrif 132 kV loftlínu er auk þess mun minni en 220kV. Er það ekki staðreynd að styrking byggðarlínu mun auka raforkuöryggi og þannig þjóna almenningi án óþarfa stóriðjulína á óbyggðum og

¹ <https://orkustofnun.is/gogn/Talnaefni/OS-2021-T013-01.pdf>

dýrmætum svæðum? Áform Landsnets er að fara inn á svæði sem laus eru við mannvirki og spilla þeim með háspennulínunum í lofti. Þetta er herkostnaður fyrir stóriðju. Það ætti að vera forgangi að leita leiða til þess að auka raforkuöryggi almennings án þess að fara inn á svæði sem laus eru við mannvirki í dag.

Áhrif á ferðapjónustu

Ein helsta sérstaða okkar Íslendinga er ósnortin náttúra. Hún dregur til okkar ferðafólk víðsvegar að, sem margir vilja upplifa ómannbert umhverfi. Víða á áhrifasvæðinu er náttúran lítt snortin og því verður Blöndulína fyrirferðamikið mannvirki á svæðinu. Að mati stjórnar Landverndar þarf að meta vel og varlega þær leiðir sem valdar eru og með mikilvægi óspilltrar náttúru og óbyggðra víðerna í huga. Það hefur ýmsa kosti að velja svæði sem þegar er talsvert manngert fyrir. Meirihluti ferðamanna sem rætt var við til að meta áhrif Blöndulínu 3 á samfélag og ferðapjónustu tóku undir þau viðhorf².

Tengsl við Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu

Landvernd fagnar þeim breytingum sem hafa orðið á skipulaginu frá síðustu mynd sem varða Rangárvallarlínu, en nú stendur til að taka hana niður innan þriggja ára frá uppsetningu Blöndulínu 3. Þessi breyting er til mikilla bóta miðað við það sem áður stóð til. Þetta vekur spurningar um veltum því fyrir okkur hvort það sama ætti ekki að gilda um Blöndulínu 2? Er eitthvað sem stendur í vegi þess að taka hana niður?

Óuppfyllt atriði matsáætlunar

Landvernd tekur undir ábendingu SUNN um að skilyrði matsáætlunar Skipulagsstofnunar séu ekki uppfyllt í frummatsskýrslu³. Í því samhengi viljum við sérstaklega nefna mikilvægi þess að gerð sé mun ítarlegri greining á áhrifum á óbyggð víðerni og landslag skv. mismunandi kostum með hliðsjón af ábendingum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Aðeins er rétt komið að málefnum á blaðsíðu 218 og því ekki gerð skil sem geta uppfyllt matsáætlun að mati Landverndar.

Bætt orkunýting

Sýna þarf fram á nauðsyn Blöndulínu 3 með tilliti til bættrar orkunýtingar á mun skýrari hátt. Því er flaggað í kynningu á málinu að línun komi til með að bæta orkunýtingu en hvergi er bent

²https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1813/Vi%C3%B0auki%209_Samf%C3%A9lag%20og%20fer%C3%B0a%C3%BEj%C3%B3nusta.pdf

³ <https://sunn.is/blondulina-3/>

á gögn sem styðja við þá fullyrðingu. Þá veltir Landvernd því fyrir sér hvort ekki væri hægt að ná markmiðum um bættu orkunýtingu með styrkingu þeirra lína sem á svæðinu eru fyrir.

Skipting svæða í A, B og C

Stjórn Landverndar telur svæðisskiptinguna sem birtist í umhverfismati að mörgu leyti villandi. A og B svæði tengjast órjúfanlega og ekki er hægt að móta sér skoðun á A svæði án þess að líta kyrfilega til áhrifa á B svæði. Vatnsskarðsleiðin, sem er að mörgu leyti skárri ef horft er til A-hlutans, er þó háð því að farið verði yfir Héraðsvötnin í B-hlutanum, sem yrði mikið og óásættanlegt rask á náttúruverðmætum. Vatnsskarðsleiðin hefur þann kost að vera innan mannvirkjabeltis, en verður því að meta í heildarsamhengi við áhrif utan svæðisins. Umfjöllun um þetta þarf að bæta.

Kiðaskarðsleiðin, aðalvalkostur í A-hluta mun þó óneitanlega hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd, ferðapjónustu og útilíf og vistgerðir og flóru samkvæmt umhverfismatsskýrslunni. Ef af verður fer línan um óbyggt víðerni og verður sýnileg öllum sem fara um Kiðaskarð og leggja leið sína á Mælifellshnjúk í Skagafirði. Línuleiðin liggur fyrir heiði og dali sem mun hafa áhrif á rjúpunna, en samkvæmt umhverfismati gæti hún orðið fyrir afföllum á svæðinu. Rjúpunni hefur fækkað síðastliðna áratugi og er hún því á valista sem tegund í yfirvofandi hættu⁴.

Mat á áhrifum

Eins og venjulega hefur Landsnet metið áhrif á náttúruna mun vægari en þau eru í raun og veru. Skipulagsstofnun er hvött til þess að skoða vel í áliti sínu hvernig Landsnet kemst að niðurstöðu um að áhrif á landslag og ásýnd séu óveruleg af háspennulínunum í lofti innan verðmætra náttúrusvæða sem nú eru laus við mannvirki.

Votlendi á svæðinu

Aðalvalkosturinn mun að auki hafa neikvæð áhrif á ferðamenn og þeirra upplifun á svæðinu. Línan verður sýnileg á ferðaleið um Kiðaskarð, á gönguleiðum í nágrenni Mælifells og frá veiðistöðum í Blöndu og Svartá. Þá verður töluverðu votlendi með hátt verndargildi raskað á svæðinu. Auk þess telur Landvernd að umfang votlenda á áhrifasvæðinu séu vanmetin í umhverfismatinu. Stjórn Landverndar þykir full ástæða til þess að þetta mál sé rannsakað til hlýtar. Votlendi af þeirri stærðargráðu sem hér er rætt um, nýtur verndar skv. Náttúruverndarlögum og má ekki raska nema brýna nauðsyn beri til. Stjórn Landverndar getur ekki séð á fyrirliggjandi gögnum að um brýna nauðsyn eða almannahagsmuni sé að ræða.

Er Blöndulína 3 þess virði?

⁴ <https://www.ni.is/biota/animalia/chordata/aves/galliformes/rjupa-lagopus-muta>

Landvernd ítrekar spurningu sína um nauðsyn aðgerðarinnar. Ljóst er að hún mun annað hvort hafa neikvæð áhrif á Kiðaskarð eða Héraðsvötnin. Svæðin eru bæði verðmæt og því verður að velta þeirri spurningu upp hvort að fórnarkostnaðurinn sé þess virði og þá fyrir hvern? Ef aðgerðin er nauðsynleg, verður að skoða fleiri valmöguleika en þessa tvo.

Fólkvangurinn í Hrauni

Ljóst er að yfir 30 möstur munu sjást úr gönguleiðum við fólkvanginn í Hrauni ef af verður. Þetta skýtur skökku við, því friðlýsingu á svæðinu er ætlað að vernda svæðið til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Jarðmyndanir á svæðinu eru fjölbreyttar og geyma mikilvægar minjar að mati Umhverfisstofnunar⁵. Á Hrauni er friðlýst svæði að hluta og náttúruverndarsvæði á náttúruminjasrá að hluta. Umhverfismat á landslagsheildinni í Hrauni þarf að gera upp á nýtt eins og fram kemur í umsögn landeigenda.

Stjórn Landverndar tekur undir áhyggjur SUNN um að lína um Öxnadal komi til með að hafa neikvæð áhrif á Fólkvanginn sem þar er. Hér virðist jarðstrengur vera upplagður valkostur til að draga úr sjónrænum áhrifum. Gera verður þá kröfu til Landsnets að möguleikar á lagningu jarðstrengs verði raunverulega grandskoðaðir vegna þeirra umhverfisbóta sem felast í lagningu hans. Þó fjallað sé um jarðstrengi í umhverfismatinu, telur stjórn Landverndar að málið hafi ekki verið skoðað til hlýtar.

Hörgársveit hefur hafnað þeim málflutningi Landsnets að ekki sé nægileg ástæða til þess að skoða jarðstrengi á stuttum köflum við Staðarbakka og Hraun. Landvernd tekur undir með Hörgársveit og telur fulla ástæðu til þess að rannsaka málið betur⁶. Áhrif loftlínu á svæðinu eru án vafa verulega neikvæð.

⁵ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/hraun-i-oxnadal/>

⁶ <https://www.horgarsveit.is/static/files/umsogn-v.-blondulinu-3-12052022.pdf>

Að lokum

Stjórn Landverndar telur að Landsnet verði að bæta úr ágöllum umhverfismatsins, m.a. með tilliti til mats á áhrifum, leiðarvals, jarðstrengja, víðerna og votlendis. Ýmsu þarf að gera betri skil í umhverfismatinu og að auki höfum við hér varpað fram grundvallarspruningu um þörf aðgerðarinnar og þeim möguleika að endurnýja byggðarlínuna í stað þess að reisa Blöndulínu 3, takist ekki að sýna fram á brýna almannahagsmuni fyrir línunni. Ljóst er að mikil náttúruverðmæti hvíla á þessari ákvörðun.

Við viljum brýna það hér sem áður að Landvernd er alfarið á móti hugmyndum um allar háspennulínulagnir á Hálendi Íslands, þ.m.t. jarðstrengi. Með styrkingu byggðarlínu ætti ekki að vera nokkur þörf á hálendislinum. Aukin flutningsgeta á hálendinu verður til þess að auka þrýsting á frekari virkjanir þar. Von okkar er sú að þjóðarsátt skapist um hálendisþjóðgarð, því þegar allt kemur til alls er hálendið mun dýrmætara án teljandi mannvirkja.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri